

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópaskers nr. 114/1977.

1. gr.

11., 12. og 13. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

14. gr. verði 11. gr., 15. gr. verði 12. gr., 16. gr. verði 13. gr. og 17. gr. verði 14. gr.

3. gr.

18. og 19. gr. reglugerðarinnar falli brott.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Presthólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna nr. 93/1947 og vatnalögum nr. 15/1923, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Hólmavíkurhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til Hólmavíkurhafnar.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar.

Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða, svo og viðhald hennar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar sem þurfa þykir.

3. gr.

Hver sá sem vill fá tengingu við vatnsveitu hreppsins, skal senda sveitarstjóra skriflega umsókn með upplýsingum um væntanlega vatnsnotkun.

4. gr.

Umsjónarmanni og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Telji þeir útbúnaði ábótavant, skal það tilkynnt húseiganda og tafarlausa úrbóta krafist. Sé því ekki sinnt lætur umsjónarmaður vatnsveitunnar framkvæma úrbætur á kostnað húseiganda.